

## AUGLÝSING

### um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga .....	1 115,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma .....	400,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði .....	400,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) .....	400,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum .....	90,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar .....	520,00
7. Fyrir fjármark .....	100,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .....	60,00
9. Fyrir innköllun .....	520,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund .....	210,00
11. Fyrir ógildingarstefnu .....	520,00
12. Fyrir dómsbirtingu .....	520,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum .....	300,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 47,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. nóvember 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 436 28. júlí 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. október 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

### um sérstakt línusvæði í Reykjafjarðarál.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. nóvember 1982 til og með 15. mars 1983, eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Húnaflóa, sem markast þannig:

1. að vestan af línu dreginni úr punkti 66°25'0N, 21°36'7 V í punkt 66°44'5 N, 21°12'0 V.
2. að norðan af línu dreginni úr punkti 66°44'5 N, 21°12'0 V í punkt 66°45'5 N, 20°58'0 V.
3. að austan af línu dreginni úr punkti 66°45'5 N, 20°58'0 V í punkt 66°19'0 N, 20°45'5 V.
4. að sunnan markast svæðið af línu dreginni í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 2. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. október 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gildandi gjaldskrám hitaveitna, er gildi frá og með 5. nóvember 1982.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 489, 18. ágúst 1982, hækki um .....	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 490, 18. ágúst 1982, hækki um .....	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsahrepps, nr. 108, 10. febrúar 1977, með síðari breytingum, hækki um .....	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 428, 14. ágúst 1980, með síðari breytingum, hækki um .....	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 581, 12. nóvember 1980, með síðari breytingum, hækkuð um .....	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322, 8. maí 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	31%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130, 29. janúar 1980, með síðari breytingum, hækki um .....	50%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226, 26. maí 1977, með síðari breytingum, hækki um .....	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387, 27. desember 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 391, 26. október 1977, með síðari breytingum, hækki um .....	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Saudárkróks, nr. 113, 3. apríl 1973, með síðari breytingum, hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 500, 18. ágúst 1982, hækki um .....	23%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368, 5. ágúst 1975, með síðari breytingum, hækki um .....	17%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 284, 11. desember 1970, með síðari breytingum, hækki um .....	30%